

Áritun endurskoðanda.

Til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-11.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án anmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athugun á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar er koma fram í ársreikningnum.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1999, efnahag 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu 1999 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 2. ágúst 2000.

Ingimundur Sigurpálsson skoðunarmaður.
Sveinn Sæmundsson löggiltur endurskoðandi.

21. ágúst 2000

Nr. 596

REGLUGERÐ

um síldveiðar íslenskra skipa í norskri lögsögu 2000.

1. gr.

Heimilt er íslenskum skipum á árinu 2000 að veiða samtals 8.700 lestir af síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í efnahagslögsögu Noregs. Aðeins er heimilt að stunda veiðar með nótt og eingöngu norðan 62°N og utan 12 sjómílna frá grunnlínum við Noreg. Hverju skipi er heimilt að veiða í fiskveiðilögsögu Noregs 55% af eftirstöðvum þess aflahámarks, miðað við 21. ágúst 2000, sem þeim var úthlutað í upphafi síldarvertíðarinnar að teknu tilliti til flutnings milli skipa. Heimilt er að flytja þann hluta aflahámarks, sem hverju skipi er heimilt að veiða við Noreg, milli skipa.

2. gr.

Veiðar á síld við Noreg, sbr. 1. gr., eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Skipstjórnarmönnum ber að fylgja reglum norskra stjórnvalda við veiðar í efnahagslögsögu Noregs. Um tilkynningar til Fiskistofu og löndun afla gilda ákvæði reglugerðar nr. 233, 6. apríl 2000, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 2000, með síðari breytingum.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa, gefnum út með stoð í henni, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. ágúst 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarhverfis í Flugumýri, lóð nr. 32, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 32 við Flugumýri, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 13. júlí 2000.

Breyting felst í því að byggingarreitur lóðar nr. 32 færist til um 4 m til suðurs og til austurs. Engin stækkun verður á byggingarreit lóðarinnar við þessa tilfærslu.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar, sunnan gamla Vesturlandsvegur, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar, sunnan gamla Vesturlandsvegur, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 7. júlí 2000.

Breytingin felst í því að afmörkuð er sérlóð fyrir spennistöð og heimilað er að hafa kjallara í húsagerð V-2. Nýtingarhlutfalli lóða er breytt til samræmis.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var í júlí 1998.

Mosfellsbæ, 17. ágúst 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.